

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2025
UOS2510193/p.S

Umsögn um matskyldufyrirspurn - Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Vestmannaeyjarbær áformar að leggja 8" neðansjávarvatnsleiðslu um 12,5 km leið milli Landeyjarsands og Vestmannaeyja. Tilgangurinn er að bæta afhendingaröryggi vatns til Eyja. Leiðslan verður lögð til hliðar við núverandi leiðslu (NSL3).

Leiðslan kemur til landsins í heilu lagi og verður lögð niður með kaðalskipi. Landeyjarsandsmegin verður leiðslunni fleytt upp á sandinn og dreginn upp að tengipunkti vatnsveitunnar á sandinum. Hinn endi leiðslunnar verður lagður að tengipunkti við pípu, sem þegar er til staðar í Skansfjöru í Vestmannaeyjum. Leiðslan verður grafin niður í fjöru að báðum tengipunktum hennar, á Landeyjarsandi og Skansfjöru. Notast verður við sama efni og grafið var upp og er því ekki gert ráð fyrir efnistöku vegna framkvæmdarinnar. Utan við 30 m dýpi mun leiðslan hinsvegar liggja bein á hafsboptninum. Næst Vestmannaeyjum verður hún skorðuð með steiptum sökklum en Landeyjarsandsmegin er til skoðunar að nota stuðningsmottur sem leggjast yfir leiðsluna. Framkvæmdatími er áætlaður 3 mánuðir og er stefnt að því að koma henni fyrir sumarið 2026.

Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar

Lagning sæstrengja og neðansjávarleiðsla er háð samþykki Umhverfis- og orkustofnunar skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjávarleiðslna. Framkvæmdir skulu samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Með umsókn um leyfi fyrir lagningu neðansjávarleiðslu þarf að fylgja áhrifamat á viðkomandi vatnshlot gert í samræmi við [leiðbeiningar stofnunarinnar](https://www.ust.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/)¹. Mikilvægt er að ástand vatnshlota

¹ <https://www.ust.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>

hraki ekki við framkvæmdina, enda eru umhverfismarkmið vatnshlota lagalega bindandi skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Áhrif framkvæmdarinnar á vatn og loftslag

Umfjöllun um áhrif á vatn er í kafla 5.2. Eins og kemur þar fram er framkvæmdasvæðið innan grunnvatnshlotanna Landeyjar 103-252-G og Eldfell 103-242-G auk strandsjávarvatnshlotsins Dyrhólaey að Þorlákshöfn 103-1342-C. Í kaflanum kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér hnignum vatnshlota og að líklega muni áhrif á vatn vera óveruleg.

Í kafla 5.6 er umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á loftslag. Helstu áhrifin felast í losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu og flutning leiðslunnar auk losunar vegna vinnu við framkvæmdir. Á rekstrartíma leiðslunnar felast áhrifin helst í þeirri orku sem fer í að dæla vatni um leiðsluna en ekki er búist við að vatnstaka aukist með nýrri leiðslu og er áætlað að orkunotkun aukist lítið sem ekkert miðað við núverandi ástand. Áhrif á loftslag eru því metin óveruleg.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur að umrædd framkvæmd, eins og henni er lýst í matskyldufyrirspurninni, ætti ekki að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til þeirra umhverfispáttá sem eru á starfssviði stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Gunnar Ólafsson

Teymi hafs og vatns